



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði lögmanns Færeyja
28. júní 2001

Heiðraði lögmaður
og aðrir góðir gestir

Úr hafinu rísa eyjarnar, sveipaðar dulúð og ævintýraljóma. Grænir grasbalar falla þétt að himinháum hamraveggjum, tindar og víkur, vogar og firðir flétta landslagið saman í undraheim. Sólin og þokan leika sér í léttum dansi; hljómfallið þögult en samt svo skýrt.

Þannig er myndin í okkar huga: Færeyjar útvörður í Atlantshafi; tákn um þrautsegju náttúru og mannlífs í úthafinu stóra.

Samt voru eyjarnar ykkar líkt og Ísland ókunnar strendur í þúsundir ára. Fuglar og fiskar voru einir að leik og aldan sem brotnaði á klettaströnd undirleikur við magnaða hljómkviðu sköpunarverksins. Öld af öld uns landnám frjálshuga manna hófst á þessum slóðum og síðan hefur ætíð verið samhljómur í sálum okkar, Færeyinga og Íslendinga, með taktinum í árstíðunum og þeirri litríku tilbreytni sem náttúran færir okkur, fjöllin og hafið, umhverfið allt.

Við erum sannarlega náttúrubörn í besta skilningi orðsins sjálfs, vitum að veður og vindar skapa okkur örlög og hafið er í senn fengsælt forðabúr og harður húsbóndi. Þær eru miklar fórnirnar sem fiskimenn okkar hafa fært og hafið geymir fjölda þeirra, sorgin djúp hjá ættingjum og vinum sem heima biðu.

Það hefur svo sannanlega verið kjarnafólk sem byggði eyjarnar ykkar og Ísland á öldum áður og enn er búseta á norðurslóðum ögrandi glíma.

Við sækjum þá þrótt í fornar sögur, kvæði og skáldskap sem fyrri kynslóðir hafa gefið okkur og finnum þar innblástur og hvatningu til góðra verka.

Við eigum Færeyingar og Íslendingar saman arfleifð sem tengist því fólki sem löndin nam og margvíslegum frásögnum á gömlu skinnbókum um þá atburði alla. "Í þeim ófriði er Haraldur konungur gekk til lands í Noregi þá fundust og byggðust útlönd, Færeyjar og Ísland," segir Snorri Sturluson, höfuðskáld Íslands og Norðurlanda í hinu mikla sagnariti sínu Heimskringlu. Einvaldurinn herskái, Haraldur hárfagri, hrakti vaska menn og konur til að stofna í Færeyjum og á Íslandi samfélög sem vígð voru lögum og rétti, samstarfi frjálsra manna á eigin þingi. Lögþing Færeyinga og Alþingi Íslendinga eiga upphaf og rætur í þessum tíma og fyrsti kafli Færeyingasögu sýnir vel hve náin tengslin voru frá fyrstu tíð en þar segir:

„Auður hin djúpauðga fór til Íslands og kom við Færeyjar og gifti þar Ólöfu dóttur Þorsteins rauðs, og er þaðan kominn hinn mesti kynþáttur Færeyinga, er þeir kalla Götuskeggja, er byggðu í Austurey.“

Aðalhetja Færeyinga sögu er Þrándur í Götu sem hvorki vildi lúta kóngi né kristni; tók þó um síðir helga skír en stóð fastur fyrir á öðrum sviðum þegar hagur heimamanna var í húfi. Og nafn hans hefur orðið Íslendingum að orðtaki; enn vísum við í daglegu íslensku máli til Færeyingsins Þrándar í Götu þegar lýst er þeim sem ekki vilja láta sinn hlut þegar að þeim er sótt.

Málið og menningin, sögur og ljóð hafa verið þjóðum okkar einkar kær, verið kjarni í sjálfsskilningi okkar og þjóðarvitund, en við Íslendingar höfum þó ætíð öfundað ykkar af því að hafa einnig varðveitt dansinn. Við þurfum að koma hingað til að geta stigið hann í sveit með ykkur. Og hér í Kirkjubæ erum við á það minnt hvernig þið hafið umfram okkur byggt og varðveitt tignarleg hús tengd fyrri öldum.

Hún er merkileg samfylgdin sem einkennt hefur þjóðir okkar, í senn heillandi arfleifð og áskorun um að gera betur í framtíðinni.

Fyrir röskum hundrað árum birti skáldið J. P. Gregoriussen í Føringatíðindum lýsingu á guðþjónustu í kirkjunni á Bessastöðum, höfuðbólinu sem síðar varð aðsetur forseta Íslands. Gregoriussen sem einnig var nefndur Jóan Petur uppi í Trøð lýsir því hve íslenskan snart hann djúpt, og honum fannst hann heyra sitt eigið móðurmál hljóma í kirkjunni. Síðan segir hann orðrétt:

„Allt var svo kunnuglegt, bæði þegar meðhjálpari gekk fram í kórðyrnar og las bænina: „Látum oss biðja“ og þegar tuttugu manna söngflokkur tók undir og söng sálminn „Heiður sé guði himnum á““.

Íslensk skáld hafa löngum heillast af Færeyjum og Hannes Hafstein, sem reyndar var einnig fyrsti íslenski ráðherrann, orti fallega um Klakksvík:

„Tindrar úr tindum snær,
tó milli kletta grær.
Niðrundan brosir bær,
brekkan í ljósi hlær.

Fjallgirða fagra vík
fósturlands stöðvun lík,
vorsólin veki þig,
vorblómin þeki þig!“

Fremsti fræðimaður Íslendinga í fornum handritum á öldinni sem nýliðin er, Jón Helgason, var mikill aðdáandi Færeyinga og vildi efla tengsl þjóðanna í hvívetna. Hann birti árið 1919 ritgerð um færeysk þjóðmál í Skírni, elsta tímariti Íslendinga og raunar Norðurlanda, og rakti þar ítarlega verkefnaskrá sem vissulega á einnig erindi til okkar nú þegar við hefjum 21. öldina með heitstrengingum um enn nánari samfylgd í framtíðinni.

Við gætum lengi kvölds rakið þessa sögu og lýst ævi ýmissa forystumanna á vettvangi þjóðmála og atvinnulífs sem voru af bæði færeyskum og íslenskum ættum. Svo samofin hafa örlög okkar verið að oft er eins og um eina fjölskyldu sé að ræða, ætt fiskimanna og sæfarenda sem skóp úr auðæfum hafsins lífsbjörg og hagsæld sem vel hefur dugað í aldanna rás.

Við eigum Færeyingar og Íslendingar sameiginlega hagsmuni við að vernda fiskistofna í norðanverðu Atlantshafi og stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirra á nýrri öld. Samvinna okkar á sviði sjávarútvegs hefur löngum verið notadrjúg og öðrum fordæmi um hvernig leysa má vandamálin á farsælan hátt.

Við höfum sýnt að fámennar eyþjóðir geta skapað úr auðæfum hafsins og hæfileikunum sem í fólkinu búa grundvöll til að færa öllum velferð og hagsæld. Við höfum með árangri okkar sannað að smæðin getur vissulega verið höfuðkostur.

Við getum ásamt vinum okkar á Grænlandi fagnað því að formleg samvinna þjóðþinganna þriggja á undanförunum árum og nú einnig reglulegt samráð oddvita framkvæmdavaldsins hefur skilað margvíslegum umbótum og framförum í þágu þjóðanna þriggja í norðanverðu Atlantshafi.

Samvinna Færeyinga, Íslendinga og Grænlandinga mun reynast enn mikilvægari á komandi árum vegna þeirra viðfangsefna sem við blasa á norðurslóðum og í ljósi vaxandi samskipta á svæðinu sem nær frá

austurfylkjum Kanada yfir Grænland, Ísland og Færeyjar til Skotlands og annarra Norðurlanda og þaðan inn í Rússland vestanvert. Mörg af brýnustu verkefnum alþjóðlegs samstarfs á nýrri öld, verkefnum sem meðal annars tengjast verndun lífríkis jarðarinnar og lausnum á lykilvanda í umhverfismálum, eru bundin norðurslóðum og því skiptir miklu að við eflum enn frekar okkar nánu tengsl.

Það hefur einnig verið ánægjulegt að samvinna Færeyinga og Íslendinga í viðskiptum og verslun hefur haldið áfram að vaxa stig af stigi og öflug fyrirtæki, verslunarkeðjur og fjármálastofnanir, hafa hér látið að sér kveða.

Við sjáum einnig hvernig frændsemi okkar nýtist vel til að styrkja menningu og listalíf. Íslendingar hafa stoltir fylgst með því hvernig Norðurlandahúsið í Færeyjum hefur orðið vettvangur öflugs starfs og hin viðamikla bókaútgáfa Emils Thomsen hér í Færeyjum hefur notið þess að búa að íslensku prentverki. Færeysk skáld skipa öndvegi í íslenskri þjóðarvitund og bækur þeirra eru á fjölda íslenskra heimila þar sem litið er á verkin sem sameiginlegar ættarsögur. Og íslensk skáld hafa einnig verið aufúsugestir hér í Færeyjum og þið hafið sýnt þeim mörgum sóma sem vert er að þakka.

Í raun er það ævintýri líkast hvernig okkur Færeyingum og Íslendingum hefur í rúm þúsund ár farnast á eyjunum í norðanverðu Atlantshafi og við heilsum nú nýjum tíma öflugri og betur búnir en nokkru sinni fyrr. Þótt erfiðir tímar hafi oft verið hlutskipti okkar hefur gæfan þó ætíð reynst okkur hliðholl þegar til lengdar lætur.

Móttökurnar hér í Færeyjum hafa enn á ný sýnt okkur Íslendingum að hér erum við svo sannarlega taldir heimamenn og ég þakka Lögmanni Færeyja, öðrum ráðamönnum og Færeyingum öllum fyrir hlýhug og vináttu í okkar garð.

Það er Íslendingum dýrmætt að eiga Færeyinga að sérstökum vinum og ég vona að við getum einnig veitt ykkur áfram nokkurt lið.

Ég bið ykkur öll, kæru gestir að rísa á fætur og hylla færeysku þjóðina um leið og ég þakka Lögmanni frábæra gestrisni og djúpstæða vináttu.

Heill færeysku þjóðarinnar!